

Bæjarstjórn - 15

## FUNDARBOÐ

**15. fundur bæjarstjórnar**  
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 29. júní 2023 og hefst kl.  
17:00

### Dagskrá:

#### Fundargerðir nefnda

- 1. 2306002F - Hafnarstjórn (SH) - 4**  
Lögð fram fundargerð 4. fundar hafnarstjórnar Stykkishólms.
- 2. 2306001F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 28**  
Lögð fram fundargerð 28. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 3. 2305004F - Skóla- og fræðslunefnd - 7**  
Lögð fram 7. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.
- 4. 2301007F - Safna- og menningarmálanefnd - 2**  
Lögð fram fundargerð 2. fundar safna- og menningarmálanefndar.
- 5. 2304003F - Skipulagsnefnd - 11**  
Lögð fram fundargerð 11. fundar skipulagsnefndar.
- 6. 2305005F - Skipulagsnefnd - 12**  
Lögð fram fundargerð 12. fundar skipulagsnefndar.
- 7. 2306003F - Bæjarráð - 12**  
Lögð fram 12. fundargerð bæjarráðs.

#### Erindi til kynningar

- 8. 2102003 - Fundargerðir - Samband íslenskra sveitarfélaga**  
Lagðar fram fundargerðir stjórnar sambandsins frá síðustu fundum.
- 9. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar**  
Lagðar fram fundargerðir síðustu funda breiðafjarðarnefndar.

- 10. 2101043 - Fundargerðir stjórnar byggðasamlags um rekstur félags- og skólapijónustu Snæfellinga**  
Lögð fram fundargerð aðalfundar FFS vegna rekstursársins 2022.
- 11. 2305022 - Fundargerðir hafnasambands Íslands**  
Lagðar fram fundargerðir síðustu funda hafnasambands Íslands.
- 12. 2305021 - Fundargerðir Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga**  
Lögð fram fundargerð 72. stjórnarfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga. Vakin er athygli á 3. tölulið fundargerðar er fjallar um skerðingu á afhendingu raforku til fiskimjölsverksmiðja og annarra fyrirtækja í sjávarútvegi.
- 13. 2305019 - Fundargerðir almannavarnanefndar Vesturlands**  
Lögð fram fundargerð síðasta fundar almannavarnanefndar Vesturlands ásamt minnisblaði SSV og leiðbeiningum um störf almannavarnanefnda.
- 14. 2211033 - Vatnasvæðanefndir**  
Lagt fram til kynningar skipunarbréf fyrir Vatnasvæðanefnd 1 þar sem tilkynnt er um skipan Jakob Björgvins S. Jakobsson í nefndina.
- 15. 2305017 - Bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga**  
Lagt fram bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) til allra sveitarfélaga varðandi almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2022. Bréfið er sent til að upplýsa sveitarfélög um áhersluatriðið EFS fyrir árið 2023.
- 16. 2305020 - Undanþága fyrir Breiðafjarðarferjuna Baldur**  
Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar vegna umsóknar um undanþágu fyrir Breiðafjarðarferjuna Baldur.

#### **Erindi til afgreiðslu/umsagnir**

- 17. 2306031 - Samningur um refaveiðar**  
Lagður fram samningur um refaveiðar vegna endurgreiðslna ríkissjóðs vegna refaveiða sveitarfélaga.  
  
Bæjarráð samþykkti, á 12. fundi sínum, samning um refaveiðar og fól bæjarstjórn að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.  
  
Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.
- 18. 2112004 - Sameining - Sveitarfélagið Stykkishólmur - Kosning í dreifbýlisráð**  
Lagðar fram reglur um kosningu í dreifbýlisráð í Sveitarfélaginu Stykkishólmi sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 8. júní 2023. Lagt er til að boðað verði til kosning í dreifbýlisráð.  
  
Bæjarráð samþykkti tillöguna á 12. fundi sínum og að kosning verði 9. september.

Jafnframt fól bæjarráð formanni kjörstjórnar í samvinnu við bæjarritara að útfæra nánar tilhögun kosninga og undirbúa hana að öðru leyti.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

**19. 1906035 - Framtíðarskipulag tjaldsvæðis**

Lögð fram drög að samning við golfklúbbinn Mostra vegna sækkunar á golfskála og þjónustuhúsnæði tjaldsvæðis. Einnig er lögð fram kostnaðaráætlun vegna framkvæmdana.

Á 12. fundi sínum veitti bæjarráð vilyrði fyrir greiðslu 20 milljóna, sem greiðsit á næstu tveimur árum og fól bæjarstjóra að útfæra það í samningi.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

**20. 2306029 - Viðauki 2 við Fjárhagsáætlun 2023-2026**

Lagður fram viðauki 2 við Fjárhagsáætlun 2023-2026.

Á 12. fundi sínum samþykkti bæjarráð viðauka 2 við fjárhagsáætlun 2023-2026 og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hann.

**21. 2208020 - Hafnsaga og önnur þjónusta við skip**

Á 1. fundi hafnarstjórnar var lögð fram hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmshöfn og farið yfir hugmyndir um breytt verklag vegna hafnsögu skipa. Á fundinum lagði hafnarstjórn áherslu á að reyna að tryggja áfram hafnsögu í Hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmshöfn ef það er nokkur kostur og vísar málinu til frekari vinnslu í hafnarstjórn. Hafnarstjórn fól hafnarverði að kanna þá möguleika sem í boði eru og hugsanlega samninga við þá sem gætu komið til greina sem verktakar í þessu sambandi. Unnið hefur verið í samræmi við afgreiðslu hafnarstjórnar en nú þykir ljóst að erfiðlega hefur gengið að manna hafsögu. Vegna þessa er lögð til breyting á núgildandi reglugerð og lagt til að hún verði samþykkt sem tillaga til innviðaráðherra um breytingu á hafnarreglugerð Stykkishólmshafnar.

Á fjórða fundi sínum samþykkti hafnarstjórn tillöguna samhljóða.

Bæjarráð samþykkti, á 12. fundi sínum, tillögu að breytingu á hafnsögu við Stykkishólmshöfn og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hana.

**22. 2111017 - Hafnarstígur í norðuhluta hafnar við Súgandisey (umferðaröryggi)**

Lögð fram gögn í tengslum við fyrirhugaðan hafnarstíg í norðuhluta hafnar við Súgandisey, en í kafla 3.6 í Umferðaröryggisáætlun sveitarfélagsins er fjallað um að víða sé hættuástand meðfram Súgandiseyjargötu og sérstaklega bent á hættur meðfram Baldursbryggju. Fyrir liggur hönnun að stíg meðfram Baldursbryggju sunnan Súgandiseyjar til að bæta umferðaröryggi sem hugsað er sem samstarfsverkefni sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar. Skipulags- og byggingarnefnd tók vel í fyrirbyggjandi hugmyndir að stíg meðfram Baldursbryggju/Súgandiseyjargötu. Bæjarráð tók undir með skipulags- og byggingarnefnd og vísaði málinu til vinnslu í hafnarstjórn. Hafnarstjórn hefur ítrekað bent á að brýnt sé að farið verði sem fyrst í þessa framkvæmd til að auka öryggi gangandi vegfarenda á svæðinu. Hefur bæjarráð og bæjarstjórn tekið undir ákall hafnarstjórnar þar um.

Hafnarstjórn lagði á fjórða fundi sínum þunga áherslu á að Vegagerðin tryggi tafarlaust íbúum, atvinnurekendum og gestum öryggi í samgöngum í norðurhluta hafnar við Súgandisey meðfram Súgandiseyjargötu og að byggður verði hafnarstígur í samvinnu við sveitarfélagið í samræmi við samþykktu umferðaröryggisáætlun sveitarfélagsins sem bendir á nauðsyn þessara framkvæmda, m.a. til að stýra umferð gangandi vegfarenda og skapa nauðsynlegt umferðaröryggi.

Hafnarstjórn benti í þessu sambandi á og tók undir ályktun 43. hafnarsambandsþings um að hafnarstarfsemi hafi breyst umtalsvert á mörgum höfnum á undanförunum árum og vegna vaxandi ferðamannafjölda á landinu hafa ferðapjónustufyrirtækjum fjölgað mikið sem eru með ýmiskonar starfsemi á höfnum landsins. Stykkishólshöfn sé gott dæmi um slíka breytingu. Hafa þessar breytingar á hafnarstarfsemi leitt af sér mikla umferð bæði gangandi og akandi ferðamanna á hafnasvæðum. Þessi umferð er víða innan um starfsemi annarra aðila á höfnum sem fer ekki í öllum tilfellum vel saman og getur skapað hættu fyrir alla aðila. Því miður hafa orðið alvarleg slys vegna þessara aðstæðna. Hafnarstjórn telur að hafnarstígur sé nauðsynlegur hlekkur í bættu umferðaröryggi á svæðinu og að brýnt sé að ráðast í umræddar framkvæmdir í samræmi framangreint til að koma í veg fyrir alvarleg slys vegna fyrirliggjandi aðstæðna á svæðinu.

Bæjarráð tók, á 12. fundi sínum, undir ályktun hafnarstjórnar og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

### **23. 2305002 - Umsókn um byggingarheimild/-leyfi í fl. 2- Lyngholt**

Lögð fram, að nýju, til afgreiðslu umsókn Hinriks Hjartarsonar um byggingarleyfi/-heimild fyrir tveimur 36,9 m<sup>2</sup> gistihúsum á landsspildunni Lyngholti (L221919) við Helgafell.

Húsin verða á steiptum sökklum með timbur-útveggjum sem klæddir eru ál-báru, staðsteyptri gólfplötu og hefðbundnu timburþaki. Fjarlægð frá Helgafellsvegi er u.þ.b. 50 m.

Lyngholt er 56 ha spilda úr landi Helgafells. Samkvæmt Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 er heimild fyrir 4 íbúðarhúsum og 3 frístundarhúsum á jörðum og landsspildum stærri en 10 ha og skal vinna deiliskipulag. Í dag er skráð eitt íbúðarhús á landsspildunni.

Skipulagsnefnd fjallaði um málið á 11. fundi sínum og taldi þá að um viðkvæmt svæði væri að ræða hvað varðar náttúru- og menningarminjar og að svæðið hafi mikið aðdráttarafl. Þar af leiðandi þurfi að vanda val á staðsetningu bygginga og annarra mannvirkja. Skipulagsnefnd leggur til við bæjarstjórn að farið verði fram á að svæðið verði deiliskipulagt.

Landeigandi hefur lagt fram ný gögn máli sínu til rökstuðnings.

Skipulagsnefnd gerði, á 12. fundi sínum, ekki athugasemd við umsókn Hinriks Hjartarsonar um byggingu tveggja frístundahúsa í landi Lyngholts við Helgafell í ljósi nýrra gagna og upplýsinga sem bárust eftir fyrri afgreiðslu málsins á síðasta fundi nefndarinnar. Skipulagsnefnd vísaði erindinu til afgreiðslu hjá byggingarfulltrúa.

Þá er jafnframt lagt fram minnisblað skipulagsfulltrúa vegna málsins.

Bæjarráð staðfesti, á 12. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar.

#### 24. 2306018 - Saurar 9 deiliskipulag

Lögð fram beiðni Ásgeirs Jóns Ásgeirssonar og Henning Lehmann fyrir hönd Vigraholts ehf. um gerð deiliskipulags fyrir Saura 9 (Vigraholt) og breytingu á landnotkun og/eða mörkum landnotkunarreitna í aðalskipulagi í samræmi við 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða 134,5 ha jörð með landeignarnúmerið L235684.

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 er svæðið skilgreint sem frístundabyggð og landbúnaðarland. Ekki hefur áður verið unnið deiliskipulag fyrir svæðið.

Markmiðið með nýju deiliskipulagi er að þróa frístundabyggð með tilheyrandi þjónustu. Lögð verður áhersla á að framtíðaruppbygging á svæðinu taki mið af náttúru og sögu svæðisins og falli vel að landslagi og staðhättum.

Á 12. fundi sínum samþykkti skipulagsnefnd fyrir sitt leyti að landeigandi, Vigraholt ehf. láti vinna deiliskipulag fyrir frístundabyggð með tilheyrandi þjónustu fyrir Saura 9 (Vigraholt) í samræmi við 8. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 og 5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Vinna skal samhliða breytingu á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, kalli deiliskipulagsvinnan á það.

Bæjarráð stafestti, á 12. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar.

#### 25. 2306039 - Uppbygging Brákar íbúðafélags hses. í Stykkishólmi - Stofnframlag

Lögð fram gögn frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) vegna umsóknar Sveitarfélagsins Stykkishólms, f.h. Brákar íbúðafélags hses., um stofnframlag ríkisins á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016. HMS óskar eftir því að bæjarstjórn Stykkishólms staðfesti stofnframlag vegna umsóknar umsækjanda um stofnframlag sveitarfélags.

Þá er lagt fram erindi frá HMS þar sem samþykkt er að veita 18% stofnframlag og sérstakt byggðaframlag vegna byggingar á 12 íbúðum í Stykkishólmi með það að markmiði að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga sem eru undir tekju- og eignamörkum og auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði, sbr. lög nr. 52/2016, um almennar leiguíbúðir, og reglugerðar nr. 183/2020, um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfs eignarstofnanir og almennar íbúðir.

Bæjarráð samþykkti, á 12. fundi sínum, stofnframlag sveitarfélagsins til verkefnissins í samræmi við fyrirliggjandi gögn.

#### 26. 2301011 - Uppbygging Víkurhverfis

Lögð fram auglýsing og niðurstaða útboðs vegna Víkurhverfis, ásamt öðrum gögnum. Eitt tilboð barst frá BB og sonum um 30% hærra en kostnaðaráætlun. Bæjarráð fól bæjarstjóra, á 12. fundi sínum, að ræða við BB og syni og aðra verkkaupa og leggja fram tillögu um afgreiðslu málsins fyrir næsta bæjarstjórnarfund. Jafnframt lagt fram minnisblað Verkís, dags. 27. júní 2023.

Tillaga bæjarstjóra:

Fyrir bæjarstjórn er lagt fram minnisblað Verkís, dags. í dag, þar sem fjallað er um endurskoðað tilboð BB og sona eftir yfirferð fyrra tilboðs. Endurskoðað tilboð er eftir breytingar 15,7% yfir kostnaðaráætlun. Eins og fram kemur í minnisblaðinu var farið var yfir stöðuna á fundi með öðrum verkkaupum þar sem að staðan var rædd og í ljósi

aðstæðna á markaði og lækkunar tilboðs var niðurstaða að allra að ekki væri líklegt að fá hagstæðara tilboð og að ráðlegt væri að semja við bjóðanda á grundvelli hins lækkaða tilboðs. Á grunni fyrirliggjandi minnisblaðs og í ljósi þess að aðrir verkkaupar hafi þegar samþykkt að ganga að tilboðinu leggur bæjarstjóri til við bæjarstjórn að hún samþykki að ganga til samninga við bjóðanda og að bæjarráði verði veitt fullnaðarumboð til að ganga frá endanlegum samningi við bjóðanda á grundvelli hins nýja tilboðs og jafnframt að skoða möguleika þess að fella út einstaka verkþætti.

**27. 2306041 - Fagháskólanám í leikskólafræði**

Lagður fram samningur um samstarf um fagháskólanám í leikskólafræði ásamt kynningarbréfi.

Bæjarráð samþykkti, á 12. fundi sínum, að taka þátt í verkefninu.

**28. 2207004 - Hamraendi 4 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi**

Lögð eru fram drög að lóðaleigusamningi fyrir Hamraenda 4. Áður hafði lóðarhafi Hamraenda 2-2A samþykkt breytingu á sinni lóð.

Bæjarráð samþykkti, á 12. fundi sínum, fyrirliggjandi lóðarleigusamning ásamt lóðarblaði og vísaði afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

**29. 1902031 - Nýtt erindisbréf skóla- og fræðslunefndar**

Lögð fram drög að uppfærðu erindisbréfi Skóla- og fræðslunefndar Stykkishólms.

Bæjarráð samþykkti erindisbréfið, á 12. fundi sínum, og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta það.

**30. 2301029 - Erindi - Breytingu á lóðinni við Áskinn 6**

Tekið er fyrir að nýju erindi frá Erlu Friðriksdóttur varðandi breytingar á lóðinni Áskinn 6. Við grenndarkynningu barst umsögn frá lóðarhöfum Ásklifs 7.

Skipulagsnefnd hafnaði, á 11. fundi sínum, umsókn Erlu Friðriksdóttur um breytingu á lóðinni við Áskinn 6 úr þremur íbúðareiningum í fjórar með vísun í framkomnar athugasemdir er varða ósamræmi við byggðarmynstur sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Samkvæmt samþykktu lóðarblaði er heimilað að byggja einbýli, parhús eða þriggja eininga raðhús á einni hæð á lóðinni. Þar segir jafnframt að grenndarkynna þurfi hönnun húss á þessari lóð. Hafi lóðarhafi í hyggju að sækja um byggingarleyfi fyrir þriggja eininga raðhúsi þarf að grenndarkynna breytta uppdrætti. Nefndin mælist jafnframt til þess að hönnun húss taki mið af uppbroti í ásýnd sem m.a. er hægt að gera með uppbroti í klæðningu, skyggni eða bísalagi, millivegg utanhúss eða öðru sambærilegu.

Bæjarráð vísaði, á 12. fundi sínum, afgreiðslu til staðfestingar í bæjarstjórn.

**31. 2305011 - Hólar 5a - leiðrétting á skráningu**

Bryndís Stefánsdóttir og Hannes Páll Þórðarson sækja um að breyta skráningu Hóla 5a hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun úr ræktunarlandi í landbúnaðarland. Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 er landsspildan, sem er 3,2 ha, skilgreind sem landbúnaðarland.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 11. fundi sínum, fyrir sitt leiti að skráningu Hóla 5a hjá HMS verði breytt í landbúnaðarland í samræmi við skilgreiningu í aðalskipulagi og vísaði málinu til staðfestingar í landbúnaðarnefnd og bæjarstjórn.

Bæjarráð vísaði, á 12. fundi sínum, afgreiðslu til staðfestingar í bæjarstjórn.

**32. 2303014 - Umsókn um stækkun lóðar Smiðjustígs 3**

Lögð fram til afgreiðslu umsókn Frímúrarastúkunnar Borgar um breytingu á lóðarmörkum Smiðjustígs 3, sem m.a. er tilkomin vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við bygginguna.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 11. fundi sínum, fyrir sitt leiti að kynna tillöguna fyrir lóðarhöfum Smiðjustígs 3 og Smiðjustígs 4. Nefndin fól umhverfis- og skipulagssviði að ræða við lóðarhafa um mögulegar aðkomuleiðir að Smiðjustíg 4 að ofanverðu eða neðanverðu og leggja tillöguna að því búnu fyrir bæjarstjórn.

Bæjarráð vísaði, á 12. fundi sínum, afgreiðslu til staðfestingar í bæjarstjórn.

**33. 2305001 - Umsókn um skilti - Afgreiðsla skipulagsnefndar**

Lögð er fram til afgreiðslu umsókn Huldu Hildibrands ehf. um skilti á grindverki sunnan við veitingahúsið Skipper, Þvervegi 2.

Skiltið hafði verið sett upp án tilskilins leyfis. Eigendum var veitt bráðabirðaleyfi fyrir skiltinu fram yfir fund skipulagsnefndar í maí.

Skipulagsnefnd taldi skiltið, á 11. fundi sínum, ekki samræmast skiltastefnu sveitarfélagsins hvað varðar stærð þess og áhrif á umhverfi og bæjarmynd. Nefndin taldi jafnframt að það samræmist ekki meginmarkmiðum deiliskipulags miðbæjar hvað varðar bæjarrými og staðaranda. Nefndin fer fram á að skiltið verði tekið niður nú þegar.

Bæjarráð vísaði, á 12. fundi sínum, afgreiðslu til staðfestingar í bæjarstjórn.

**34. 2006056 - Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar**

Kosning forseta bæjarstjórnar og fyrsta og annan varaforseta bæjarstjórnar skv. 7. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólms.

**35. 2006055 - Kosningar í bæjarráð**

Bæjarstjórn kýs þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 26. gr. samþykktar þessarar. Eingöngu bæjarfulltrúar eru kjörgengir í bæjarráð sem aðalmenn og varamenn sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Auk þeirra fulltrúa sem ná kjöri eiga þeir listar sem ekki fá kjörinn fulltrúa í bæjarráð rétt á að tilnefna einn bæjarfulltrúa hver sem áheyrnarfulltrúa og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt.

**36. 2209013 - Kosning í ungmennaráð**

Ráðið er skipað sjö fulltrúum á aldrinum 14-24 ára og þremur til vara að fengnum tillögum frá nemendafélagi grunnskólans í Stykkishólmi, nemendafélagi Fjölbrautaskóla Snæfellinga, ungmennafélaginu Snæfelli og æskulýðs- og íþróttanefnd, sbr. erindisbréf ungmennaráðs. Lagt er til að bæjarstjórn óski eftir tilnefningum í ungmennaráð þegar

skólafélagsemi hefst í haust.

**37. 2306043 - Tilnefning í stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi**

Lögð fram tillaga að fulltrúa og varafulltrúa sveitarfélagsins í stjórn samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

**38. 1502036 - Skipavík - deiliskipulag**

Lögð er fram að nýju tillaga að deiliskipulagi hafnarsvæðis við Skipavík, með áorðnum breytingum, eftir auglýsingu í samræmi við 3. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt samantekt athugasemda sem bárust á auglýsingartímanum og drögum að afstöðu hafnarstjórnar og skipulagsnefndar við þeim. Deiliskipulagsvæðið tekur til um 4,5 ha reits, sem í aðalskipulagi er að mestu skilgreindur sem hafnarsvæði. Helstu markmið deiliskipulagsins eru að skilgreina skynsamlega nýtingu núverandi innviða og framtíðarmöguleika til uppbyggingar á svæðinu.

Hafnarstjórn samþykkti samhljóða á 4. fundi sínum skipulagstillöguna fyrir sitt leyti og lagði til við skipulagsnefnd og bæjarstjórn að hún verði samþykkt og að skipulagsfulltrúa verði falið að senda viðeigandi gögn til yfirferðar Skipulagsstofnunar skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og birta í framhaldinu auglýsingu um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Þá staðfesti hafnarstjórn fyrirbyggjandi umsögn um athugasemdir. Hafnarstjórn fól skipulagsnefnd-, bæjarráði/bæjarstjórn ljúka við endanlega afgreiðslu málsins þ.m.t. við umsögn um athugasemdir og lagfæringar á skipulagsgögnum.

Skipulagsnefnd samþykkti samhljóða á 12. fundi sínum skipulagstillöguna, með áorðnum breytingum sem snúa að breytingum á almennum landnotkunarskilmálum og sérskilmálum fyrir lóðir 20 og 20a, og lagði til við bæjarstjórn að hún verði samþykkt og að skipulagsfulltrúa verði falið að senda viðeigandi gögn til yfirferðar Skipulagsstofnunar skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og birta í framhaldinu auglýsingu um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Skipulagsnefnd samþykkti jafnframt samantekt athugasemda og drög að afstöðu hafnarstjórnar og skipulagsnefndar með þeim breytingum sem samþykktar voru á fundinum.

Á 12. fundi sínum samþykkti bæjarráð skipulagstillöguna með þeim breytingum sem samþykktar voru í skipulagsnefnd og að skipulagsfulltrúa verði falið að senda viðeigandi gögn til yfirferðar Skipulagsstofnunar skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og birta í framhaldinu auglýsingu um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt samþykkti bæjarráð samantekt athugasemda og afstöðu hafnarstjórnar og skipulagsnefndar með þeim breytingum sem samþykktar voru á skipulagsfundum. Bæjarráð vísaði afgreiðslunni til staðfestingar í bæjarstjórn.

**39. 2006059 - Umboð til bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar 2023**

Forseti bæjarstjórnar gerir það að tillögu sinni að næsti reglulegi fundur bæjarstjórnar verði haldinn 31. ágúst nk. og að bæjarráði verði veitt fullt umboð til fullnaðarafgreiðslu mála í samræmi við 4. mgr. 8 gr., 1. og 2. mgr 33 gr. samþykktar um stjórn Stykkishólms.

**40. 1808022 - Minnisþing bæjarstjóra**

Lagðir fram minnisþing bæjarstjóra.



27.06.2023

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.